

Kaup Crayon Group AS á öllu útgefnu hlutafé í Sensa ehf.

I. Málavextir og málsmeðferð

1. Með bréfi, dags. 16. desember 2020, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Crayon Group AS (hér eftir Crayon) á 100% hlut í Sensa ehf. (hér eftir Sensa). Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Með bréfi dags. 6. janúar 2021, var samrunaaðilum tilkynnt að samrunaskrá teldist fullnægjandi í skilningi samkeppnislaga.
2. Með bréfi, 22. janúar 2021 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga. Samhliða bréfinu óskaði Samkeppniseftirlitið eftir frekari upplýsingum frá Crayon varðandi tiltekin atriði. Frekari upplýsingar og gögn bárust 29. janúar 2021.
3. Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið óskað gagna og upplýsinga frá samrunaaðilum og keppinautum þeirra. Verður vísað til þessara upplýsinga í ákvörðuninni eftir því sem ástæða þykir.

II. Samruninn

4. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Crayon á 100% hlut í Sensa felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

1. Samrunaaðilar

5. Í samrunaskrá kemur fram að Crayon sé skráð á hlutabréfamarkaði í Noregi. Félagið sé þjónustufyrirtæki á sviði hugbúnaðar og starfi einkum á sviði hugbúnaðarsölu- og dreifingu eignastýringar hugbúnaðar (svokölluð SAM þjónusta). Meginstarfsemi Crayon hér á landi fer fram í Crayon Iceland ehf. Stærstu eigendur Crayon eru OEP ITS Holding B.V., SIX SIS AG, Karbon Invest AS, Humle Smabólagsfond og Nordnet Bank AB. Crayon fer með yferráð í um 55 félögum staðsett í um 35 ríkjum.
6. Þá segir í samrunaskrá að Sensa sé þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni sem býður fyrirtækjum sérfræðiþjónustu, þ.e. kennslu og ráðgjöf í notkun skýjalausna, hugbúnaðargerð og tilbúnaðarlausnir, rekstrarþjónustu og hýsingu á samskipta- og innviða (e. *Infrastructure*) lausnum. ÍSAT atvinnugreinaflokkun félagsins er 62.02.0 - Ráðgjafastarfsemi á sviði upplýsingatækni. Starfsemi Sensa fer



fram hér á landi og að litlu leyti í Danmörku. Sensa er að fullu í eigu Símans hf. (hér eftir Síminn). Félögin Huxrad ehf. og Fletir ehf. eru dótturfélög Sensa og á félagið allt útgefið hlutafé í félögunum.

2. Markaðir málsins og staða samrunaaðila á þeim

7. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.
8. Í samrunaskrá segir að samrunaaðilar starfi báðir á upplýsingatæknimarkaði. Bæði félögin selja og veita þjónustu í tengslum við sölu á Microsoft 365 hugbúnaði, þ.e. afnot af Office hugbúnaðinum auk skýjaþjónustu tengdri þeim hugbúnaði. Starfsemi Sensa er töluvert smærri í sniðum.
9. Í samrunaskrá segir að Sensa bjóði upp á þjónustu til fyrirtækja og stofnana í rekstri, hýsingu og sérfræðilausnum í upplýsingatækni. Þjónustuframboðið felst meðal annars í ráðgjöf, hönnun, tæknilegri þjónustu og rekstri, sölu búnaðar, samningum sem tryggja aðgengi að varabúnaði, aukinni ábyrgð á búnaði og aðgengi að tæknilegri þjónustu, lausnum, fræðslu og námskeiðum. Þá sinnir félagið hýsingu og rekstri tölvukerfa fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum og býður þeim m.a. skýjalausnir og hugbúnaðarlausnir og hugbúnaðarþróun sérlausna.
10. Þá segir í samrunaskrá að Crayon bjóði upp á þjónustu á sviði leyfisveitingar (e. *licensing*) þ.e. beina leyfisveitingu þar sem hugbúnaður og skýjanotkun er seld beint til stórra notenda og óbeina leyfisveitingu þar sem hugbúnaður og skýjanotkun er seld óbeint til endanlegra notenda í gegnum samstarfsaðila á borð við Sensa, Opin kerfi, Þekkingu hf. o.fl.. Þá veitir Crayon þjónustu á sviði hugbúnaðar og skýjagreiningu (SCA), áður þekkt sem SAM þjónusta en þjónustan snýr að skýneyslu og hagræðingu hugbúnaðarleyfa auk viðskipta við söluaðila. Loks veitir Crayon þjónustu við skýjaráðgjöf, flutning og hagræðingu.
11. Hvað varðar starfsemi Crayon á Íslandi í gegnum félagið Crayon Iceland ehf., þá snýr starfsemin að þjónustu á sviði hugbúnaðardreifingar, bæði beinni og óbeinni, auk þjónustu við viðskiptavinum, samstarfsaðila og birgja. Sensa er samstarfsaðili Crayon Iceland ehf. að Microsoft, þ.e. Microsoft hugbúnaður sem Sensa notar og selur er keyptur af Crayon Iceland.
12. Samkvæmt framansögðu telja samrunaaðilar að snertiflötur starfsemi samrunaaðila sé tvíþættur. Í fyrsta lagi veita bæði félög þjónustu á sviði skýjalausna, þ.e. skýjaþjónustu á sviði flutnings annars vegar og reksturs hins vegar. Í öðru lagi veita bæði félög þjónustu á sviði hugbúnaðar, Crayon einkum á heildsölustigi til hugbúnaðarfyrirtækja til endursölu en Sensa á smásölumarkaði fyrir almenna hugbúnaðarþjónustu.
13. Samkvæmt samrunaaðilum er ljóst að allnokkur íslensk fyrirtæki starfi á viðkomandi mörkuðum á sviði hugbúnaðar og skýjalausna.
14. Að mati samrunaaðila er landfræðilegur markaður fyrir upplýsingatækniþjónustu alþjóðlegur þar sem helstu veitendur slíkrar þjónustu starfi á alþjóðlegum grundvelli. Hið sama gildi um undirmarkaði fyrir viðskiptahugbúnað annars vegar og skýjalausnir hins vegar. Samkeppniseftirlitið telur ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu til landfræðilegs markaðar málsins, þar sem samkeppnisleg áhrif samrunans eru takmörkuð hvort sem litið er á markaðinn sem alþjóðlegan eða einskorðaðan við Ísland.
15. Við mat á þeim mörkuðum sem áhrifa gætir vegna þessa samruna hefur rannsókn Samkeppniseftirlitsins leitt í ljós að samlegðaráhrif eru einkum á mörkuðum fyrir viðskiptahugbúnað og skýjalausnir sem eru



undirmerkaðir upplýsingatæknimerkaðar. Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um hugbúnaðarmerkaði í fyrri ákvörðunum og greiningum. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 31/2015, *Samruni Advania hf. og Tölvumiðlunar ehf.*, taldi Samkeppniseftirlitið hugsanlegt að skilgreina mætti nokkra undirmerkaði upplýsingatæknimerkaðar, þar á meðal merkað fyrir þróun og sölu hugbúnaðar.

16. Framkvæmdastjórn ESB hefur í úrlausnum sínum greint heildarmerkaðinn fyrir sölu á hugbúnaði niður eftir mismunandi virkni hans, eftir því hver notandinn er og eftir því sviði sem hann er notaður á.¹ Um framangreint hefur verið fjallað m.a. í skýrslu nr. 3/2019 þar sem að Samkeppniseftirlitið taldi að unnt væri að skipta mörkuðum upp eftir virkni hugbúnaðar.
17. Á upplýsingatæknimerkaði er starfandi nokkur fjöldi fyrirtækja sem jafnframt veita þjónustu á þeim mörkuðum sem áhrifa samrunans gætir. Helstu keppinautar samrunaaðila eru Origo hf., Advania Ísland ehf., Opin Kerfi, Reiknistofa bankanna, Sýn (Endor), Premis, Þekking, TRS, Miracle, Radíómiðlun, Boðleið, Spectra og Ozio.
18. Í samrunaskrá kemur fram að áætluð heildarstærð upplýsingatæknimerkaðar á Íslandi sé samkvæmt Hagstofu Íslands 143.564.300.000 krónur á árinu 2019. Það er mat samrunaaðila að kaup íslenska ríkisins á þjónustu Sensa og samkeppnisaðila félagsins kunni að gefa einhverja vísbendingu um merkaðshlutdeild. Nam hlutdeild Sensa á árinu 2019 þannig um 7,6% og hlutdeild keppinauta var Advania Ísland ehf. 50,7%, Origo hf. 29,8%, Opin kerfi hf. 6,1%, TRS ehf. 2,6%, Miracle 1,4%, Þekking – Tristan 1% og aðrir undir 1%.
19. Í samrunaskrá kemur fram að ekki liggja fyrir heildarstærð fyrir undirmerkað fyrir Microsoft viðskiptahugbúnað, hvort heldur sem er í heildsölu ætluðum til endursölu eða sölu til endanotenda. Hvað varðar merkað fyrir sölu og dreifingu Microsoft viðskiptahugbúnaðar í heildsölu þá telja samrunaaðilar að ef miðað sé við að heildarstærð merkaðar sé um 4-5 milljarðar króna á Íslandi sé merkaðshlutdeild Crayon um []². Samrunaaðilar telja útilokað að áætla merkaðshlutdeild hvað varðar merkað fyrir beina sölu á hugbúnaðarþjónustu til stórra endanotenda.

III. Niðurstaða

20. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að merkaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að merkaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim merkaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.
21. Crayon og Sensa starfa á upplýsingatæknimerkaði. Bæði félögin selja og veita þjónustu í tengslum við sölu á Microsoft 365 hugbúnaði, þ.e. afnot af Office hugbúnaðinum auk skýjaþjónustu tengdri þeim hugbúnaði. Snertiflötur starfsemi samrunaaðila er tvíþættur. Í fyrsta lagi veita bæði félög þjónustu á sviði skýjalausna, þ.e. skýjaþjónustu á sviði flutnings annars vegar og reksturs hins vegar. Í öðru lagi veita bæði félög þjónustu á sviði hugbúnaðar, Crayon einkum á heildsölustigi til hugbúnaðarfyrirtækja til endursölu, en Sensa á smásölu merkaði fyrir almenna hugbúnaðarþjónustu.
22. Í samrunaskrá segir að samrunaaðilar telji að samruninn muni hafa takmörkuð áhrif á neytendur og milliliði. Samruninn leiði til afar takmarkaðra breytinga á merkaðshlutdeild sem ætti þ.a.l. hvorki að hafa áhrif á

¹ Ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í máli nr. nr. COMP/M.6237 – Computer Sciences Corporation / iSoft Group, mgr. 22. Ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. COMP/M.8223 – MICRO FOCUS / HPE Software Business, mgr. 17.

² Trúnaðarmál.



valkosti neytenda né milliliði. Í samrunaskrá kemur jafnframt fram að þrátt fyrir að Crayon eigi í samningssambandi við nokkur íslensk fyrirtæki sem mættu teljast keppinautar Sensa þá snúi það viðskiptasamband að dreifingu viðskiptahugbúnaðar og tengist ekki beint kjarnastarfsemi Sensa. Crayon hafi enga viðskiptalega hvata af öðru en að halda slíkum viðskiptum áfram í kjölfar samrunans, standi vilji þessara aðila til þess.

23. Við meðferð málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir athugasemdum hagaðila vegna samrunans. Þrettán umsagnir bárust og þar af lýstu tvær þeirra yfir áhyggjum af stöðu Crayon á Íslandi þar sem að Crayon er dreifingaaðili hugbúnaðar fyrir nokkra keppinauta Sensa. Samrunaaðilar svöruðu þessum áhyggjum með bréfi 29. janúar 2021. Í bréfinu kemur fram að viðskiptalegir hagsmunir samstæðunnar krefjist þess að trúnaðar sé gætt um allar þær upplýsingar sem Crayon Ísland fær, sem þjónustuveitandi, um keppinauta Sensa og viðskiptavinir þess. Önnur framkvæmd myndi leiða til þess að viðskiptavinir félagsins leiti annað með viðskipti sín enda heildsöluaðgengi til staðar hjá fjölda aðila, bæði hérlandis og erlendis, á samkeppnishæfu verði.
24. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins gefur ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Sameiginleg markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á mörkuðum fyrir skýjalausnir og dreifingu Microsoft viðskiptahugbúnaðar, hvort sem í beinni sölu eða endursölu, bendir sem slík ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til. Þannig munu samrunaaðilar búa við samkeppnislegt aðhald frá sterkum keppinautum á Íslandi líkt og Advania og Origo. Auk þess er ljóst að keppinautar Sensa geta leitað til annarra fyrirtækja en Crayon um kaup á hugbúnaðarleyfum.
25. Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins og upplýsingum frá umsagnaraðilum er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Crayon og Sensa á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Í kaupum Crayon Group AS ehf. á öllu hlutafé í Sensa ehf. felst samruni. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson